

Þriðjudaginn 15. nóvember 1955.

Nr. 158/1953. **Ásbjörn Guðmundsson** (Gunnar Jónsson hdl.)

gegn

Einari Árnasyni (Gunnar Þorsteinsson)

og gagnsök.

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Ómerking máls vegna vanreifunar og ólögmatrar málsmeðferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1953, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu af sinni hálfu til Hæstaréttar með stefnu 30. október 1953, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða kr. 2800.00 eða aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar ásamt 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt stefnu til héraðsdóms 4. janúar 1952 krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda í máli þessu um skaðabætur vegna tjóns, er hann telur sig hafa hlotið af því, að starfi aðaláfrýjanda við miðstöðvarlögn í húsi gagnáfrýjanda hafi verið mjög ábótavant. Hafði gagnáfrýjandi uppi í héraði svonefndar aðal- og varakröfur, sem hvorar um sig byggðust á gerólíkum sjónarmiðum, og krafðist hann því raunverulega annars tveggja, bóta samkvæmt aðalkröfu eða varakröfu. Ekki verður séð, að aðalkrafan hafi verið sundurliðuð fyrr en við munnlegan flutning málsins 1. október 1952, en þá var hún sundurliðuð á þenna veg:

1. Aukinn hitunarkostnaður kr. 1500.00
2. Húsaleigutjón í 8 mánuði — 2000.00
3. Matskostnaður — 950.00

4. Skemmdir á málningu	—	2000.00
5. Dýrari efniskaup og vinna við að bæta við miðstöðvarofna	—	690.58
6. Leiga fyrir miðstöðvarofna	—	350.00

Samtals kr. 7490.58

Við hinn munnlega málflutning lækkaði umboðsmaður gagn-
áfrýjanda kröfu þessa um kr. 100.00, en ekki verður séð,
hvaða liður eða liðir voru lækkaðir. Kröfuliðir 1—2 og 4—6
voru og mjög vanreifaðir.

Varakröfu sína í héraði sundurliðaði gagnáfrýjandi hins
vegar þannig í samræmi við mat dómkvaddra manna:

1. Andvirði viðbótarofna	kr. 1452.00
2. Vinna við að tengja ofna samkvæmt 1. lið —	309.40
3. Einangrunarefni	— 300.00
4. Vinna við einangrun	— 496.22
5. „Ófyrirséð o. fl.“	— 242.38

Samtals kr. 2800.00

Héraðsdómur tekur afstöðu til hinna einstöku liða í fram-
angreindri aðalkröfu gagnáfrýjanda, en lætur ódæmda aðra
liði varakröfunnar en 4. lið, sem tekinn er til greina. Hins
vegar dæmir héraðsdómur aðaláfrýjanda til að greiða kr.
111.60 vegna kostnaðar af að lagfæra öfugan halla á ofnum.
Hvorki verður þó séð, hvenær krafa þessi hefur verið höfð
uppi né að sátta hafi verið leitað um hana. Loks dæmir hér-
aðsdómur aðaláfrýjanda til að greiða ósundurgreindar bætur
vegna framkvæmdar á verkinu og dráttar, kr. 1200.00.

Fyrir Hæstarétti krefst gagnáfrýjandi nú sömu fjárhæðar
og greindi í varakröfu í héraði, en sundurliðar hana þannig:

1. Vinna við að koma fyrir viðbótarofnum kr.	309.40
2. Vinna við einangrun	— 496.22
3. Kostnaður við réttingu á ofni	— 111.60
4. Bætur vegna óhæfilegs dráttar á fram- kvæmd verksins	— 1200.00
5. Einangrunarefni	— 300.00
6. Bætur vegna dýrari efniskaupa	— 382.78

Kröfur samkvæmt 1. og 5. lið eru þær sömu og héraðs-

dómur lét ódæmdar. Ekki sést, að leitað hafi verið sátta um kröfu samkvæmt 3. lið, krafa samkvæmt 6. lið er jafn vanreifuð og var um 5. lið aðalkröfu í héraði og í 4. lið er tekin sú bótafjárhæð, sem héraðsdómur dæmdi ósundurgreint og án fullnægjandi rökstuðnings.

Eins og ljóst er af framanskráðu, eru miklir annmarkar á meðferð máls þessa. Kröfur af hendi gagnáfrýjanda eru mjög vanreifaðar, kröfugerð óljós og reikul, héraðsdómur hefur látið ódæmda marga kröfuliði, ekki leitað sátta um einn og rökstuðningur fyrir niðurstöðu er ófullnægjandi. Vegna þessara megingalla ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður gagnáfrýjanda dæmt að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Einar Árnason, greiði aðaláfrýjanda, Ásbirni Guðmundssyni, kr. 3500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. febrúar 1953.

Ár 1953, laugardaginn 28. febrúar, var í bæjarþingi Hafnarfjarðar, sem haldið var í réttarsal embættisins af fulltrúa bæjarfógeta, Kristni Ólafssyni, sem dómsformanni, ásamt meðdómendum Snæbirni Bjarnasyni vélfræðing og Árna Gíslasyni vélsmið, uppkveðinn dómur í framangreindu máli, sem dómtekið var 9. febrúar s.l.

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 4. janúar 1952, af Einari Árnasyni bókara, Hólabraut 12, á hendur Ásbirni Guðmundssyni pípuलगningarmeistara, Hringbraut 15, Hafnarfirði, aðallega til greiðslu á kr. 7490.58 ásamt 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., en til vara krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 2800.00 með 6% ársvöxtum frá 29. maí 1951 til greiðsludags og málskostnað eins og í aðalkröfu, og enn fremur, hvor krafan sem tekin verði til greina, verði stefndur dæmdur til greiðslu matskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi.

Af hálfu stefnda var krafizt algerrar sýknu og að honum verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Sáttaumleitun í málinu varð árangurslaus.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Einar Árnason, hefur reist hér íbúðarhús á lóðinni Hólabraut 12, hér í bæ. Seinni hluta árs 1949 var byggingu þess þar komið, að stefnandinn samdi við stefnda í máli þessu, Ásbjörn Guðmundsson, um að leggja miðstöð og allar tilheyrandi pípulagnir í hús þetta. Samningar milli aðilja um verkið voru munnlegir. Eftir því sem upplýst er í málinu, virðist hér hafa verið um að ræða venjulega ákvæðisvinnu, þannig að stefndi legði til vinnuna og útvegaði allt efni og fengi greiðslu fyrir vinnuna samkvæmt fagtaxta sínum og efni eftir reikningi. Stefndi byrjaði á verki þessu í nóvember 1949 og hélt svo áfram þar til í febrúar 1950, en virðist lítið sem ekkert hafa unnið að þessu verki eftir það, og lauk hann því ekki né heldur skilaði því af sér í fullkomnu standi. Stefnandinn varð sjálfur að ljúka því, sem ógert var, enda fengust ekki fagmenn til að ganga inn í ófullgert verk, sem talið var á annars vegum.

Á þessu tímabili var oft erfitt um útvegum efnis til slíkra lagna, og þurfti stundum lengi að bíða eftir, að það fengist í verzlunum. Virðist þetta hafa háð verkinu, enda þótt augljóst sé, að það hafi sætt svo óhæfilegum seinangangi, að ekki getur stafað nema að nokkru leyti af efnisskortri.

Enda reis upp ágreiningur út af verkinu, og varð endirinn sá, að stefnandinn hóf málssókn þessa. Hefur stefnandinn haldið fram, að komið hafi í ljós ýmsir gallar á verkinu auk hins óhæfilega dráttar og þess, sem ógert var, og hefur hann uppi í málinu bótakröfur fyrir allt þetta á hendur stefnda, og er aðalkrafa hans þannig sundurliðuð:

1. Aukinn upphitunarkostnaður	kr. 1500.00
2. Húsaleigutap 8 mánuði, 250/— pr. mánuð	— 2000.00
3. Matskostnaður	— 950.00
4. Skemmdir á málningu	— 2000.00
5. Dýrari efniskaup og vinna, 73 element 9/46	— 690.58
6. Leiga fyrir miðstöðvarofna	— 350.00

Samtals kr. 7490.58

Stefnandinn hefur haldið því fram, að miðstöðvarlögnin skilaði ófullnægandi hita og neðri hæð hitnaði betur en efri hæðin. Þá hefur hann fullyrt að blettir á nokkrum stöðum, þar sem málning hefur flagnað af vegna bleytu, stafaði frá leka á miðstöðvarlögninni. Þá hefur stefnandinn einnig haldið fram, að stefndi hafi með óhæfilegum drætti á framkvæmd verksins og einkum þó með að ljúka aldrei verkinu bakað honum mikil óþægindi og aukinn kostnað og bent í því sambandi meðal annars á, að hann hafi orðið af húsa-

leigu í að minnsta kosti 8 mánuði og á þessu tímabili hafi verið á efni hækkað stórkostlega og það orðið honum til tjóns.

Gegn þessu hefur stefndi haldið fram, að hann hafi aðeins tekið að sér að útvega það efni, sem fánlegt var á hverjum tíma, en alkunnugt hafi verið, að pípur og annað til miðstöðvarlagna hafi á þessu tímabili aðeins fengizt með höppum og glöppum og af því stafi allur dráttur, sem varð á verkinu. Enn fremur heldur stefndi fram, að engir gallar hafi verið á verkinu, sem honum beri að bæta. Að lokum telur stefndi, að hann hafi lokið verkinu, að svo miklu leyti sem mögulegt var vegna efnisskorts, hann hafi skilað af sér verkinu, öll tæki verið tengd, en aðeins verið eftir að spenna ofna, þegar þeir fengjust, en samkvæmt taxta pípulagningarmanna sé öll ofnaspenna utan ákvæðisvinnu. Stefndi mótmælir því, að stefnandinn hafi orðið fyrir nokkru tjóni né eigi nokkra kröfu á stefnda í sambandi við umrætt verk.

Í málinu hafa farið fram tvær mats- og skoðunargerðir til athugunar á miðstöðvarlögnum og frágangi á verki stefnda, hin fyrri 25. janúar 1951 og hin síðari 11. desember 1952. Hafa þær leitt í ljós um ágreiningsatriði málsins það, sem hér skal rakið.

Stærð miðstöðvarketilsins er talin hæfileg, en hins vegar vanti miðstöðvarofna að stærð 13.2 m². Ekkert sé athugasvert við pípulagnir, nema einangrun vanti á pípum og hitavatnsgeymi í kyndiklefa, og er vinna við það metin kr. 496.22.

Þá hefur einnig komið í ljós, að öfugur halli er á tveimur ofnum, sem talið er hafa þau áhrif, að ófullnægjandi lofttæming á sér stað og að vatnsrennsli verði ekki nægilegt til að hita ofnana. Kostnaður við að lagfæra þetta hefur reynzt kr. 111.60.

Dómurinn verður að fallast á, að ofnaspenna falli ekki undir ákvæðisvinnu samkvæmt reglum pípulagningarmanna, og verður stefnda ekki gert að bera þann kostnað. Hins vegar ber stefnda bæði að annast einangrun á kyndiklefa og laga hallann á ofnunum, og verður kostnaður við hvorttveggja framansagðar kr. 607.82.

Um það atriði, hvort betur hitnaði niðri eða uppi, töldu matsmenn sig ekki geta borið nema með ýtarlegri rannsókn en fyrir hendi var. Bletti þá, sem stefnandinn taldi, að málning hefði skemmzt á vegna leka frá pípulögn, töldu matsmenn orðna þurra og ekki hægt að skera úr, hvort stafað hefði frá leka, nema brjóta upp pípulögn á tilsvarendi stöðum, en ekki hefur þótt fært að ráðast í það. Í sambandi við blettina vill dómurinn taka fram eftir athugun á staðnum, að hann telur miklar líkur fyrir því, að umræddir blettir stafi einmitt frá leka á pípulögn, sem nú er hætt að leka, því að ekki hefur verið hægt að benda á aðra sennilega skýringu á þessum blettum.

Um einstaka liði í aðalkröfu stefnandans skal þetta tekið fram.

Í málinu hafa ekki verið lögð fram fullnægjandi gögn fyrir upphæðum liðanna: 1. liður, aukinn upphitunarkostnaður, 2. liður, húsa-

leigutap, 4. liður, skemmdir á málningu, og 5. liður, dýrari efnis-kaup, en hins vegar getur dómurinn fallizt á, að stefndi hafi með framkvæmd á verki sínu og drætti bakað stefnandanum aukinn kostnað í þessum atriðum.

En um 6. lið, leiga fyrir miðstöðvarofna, eru engin gögn fyrir hendi.

Dómurinn telur, að auk þess sem stefnda beri að greiða stefnandanum kostnað vegna framkominna galla, samkvæmt því sem áður hefur verið rakið, kr. 607.82, beri stefnda einnig að bæta stefnandanum annað tjón, sem hann hefur bakað stefnandanum samkvæmt framansögðu, og þykja þær bætur hæfilega metnar kr. 1200.00.

Þá ber stefnda og að greiða stefnandanum matskostnað, sem orðið hefur í málinu, kr. 1050.00, og málskostnað, er þykir hæfilega metinn kr. 675.00.

Að öðru leyti verða kröfur stefnandans, bæði aðalkröfur og vara-kröfur, ekki teknar til greina.

Því dæmist rétt vera :

Stefndi, Ásbjörn Guðmundsson, greiði stefnandanum, Einari Árnasyni, kr. 1807.82 og matskostnað, kr. 1050.00, svo og málskostnað, kr. 675.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. nóvember 1955.

Nr. 98/1955. **Ragnar Blöndal h/f** (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn
Guðmundi Kristjánssyni (Baldvin Jónsson)
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Um málskostnað í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. júlí þ. á., gerir þá dómkröfu, að málskostnaðarákvæði héraðsdóms verði fellt úr gildi og að hvorum aðilja um sig verði dæmt að bera kostnað sinn af málinu í héraði. Hann krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti að mati dómsins.